

L Ö G

um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Sýslumenn utan kaupstaða, bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur og þeir dómaraar aðrir, er skipaðir eru til þess að starfa við þessi embætti, svo og sakadómaraar í Reykjavík, rannsaka og fara með opinber mál fyrir dómi og kveða upp dóm í þeim.

Í umdæmum utan kaupstaða, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, innir hann af hendi sömu störf í opinberum málum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. apríl 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 29. gr. orðist svo:

Með dómsstörf í einkamálum, þar á meðal skipti, fógetagerðir og uppboð, fara borgardómaraar og borgarfógetar í Reykjavík, en utan Reykjavíkur sýslumenn í sýslum og bæjarfógetar í kaupstöðum, svo og dómaraar þeir, er skipaðir eru til þess að starfa við embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Haldast skulu gildandi ákvæði um dómendur í landamerkjámálum og öðrum fasteignámálum. Meðdómendur skipa að öðru leyti dóma eftir reglum laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. apríl 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.